



Fréttabréf Naustaskóla

9. tölublað, 6. árgangur, 1. október 2013

Ábyrgðarmaður: Ágúst Jakobsson

Námsaðlögun • Athvarf • Umhyggja • Samvinna • Táp og fjör • Allir með!

Um miða og veikindi

Töluvert er um að nemendur mæti með miða að heiman til að fá undanþágu frá útivist, íþróttum o.s.frv. Við biðjum foreldra um að stilla beiðnum af þessu tagi í hóf og hringja frekar í skólann ef þetta er nauðsynlegt! Viðmiðið hjá okkur er að nemandi geti fengið að vera inni í frímínútum í einn dag að afloknum veikindum en annars á það ekki að þurfa nema að mjög sérstakar ástæður komi til, en í flestum tilfellum er þetta nú frekar spurning um að búa sig eftir aðstæðum.....

Íþróttir - sturta

Nú þegar inniíþróttakennsla er hafin hjá öllum aldurs- hópum minnum við á að ætlast er til þess að nemandur fari í sturtu að loknum íþróttatímum. Undantekning frá þessu er varðandi 1. bekk þar sem nemandur mega sleppa sturtunni..

Ný stjórn Foreldra- félagsins

Á aðalfundi Foreldrafélagsins nú á dögunum voru eftirtaldir kjörnir í stjórn:

Vaka Óttarsdóttir
Erla Rán Kjartansdóttir
Sigríður Ingólfssdóttir
Áshildur Hlín Valtýsdóttir
Margrét Auður Sigurbjörnsd.
Fanney Pétursdóttir
Þórhildur Örvarsdóttir
Sólveig Styrmsdóttir
Marta Lilja Marteinsd. Olsen
Margrét Jónína Sævarsd.

Fundargerð aðalfundarins má nálgast á heimasíðu skólans..

Kæra skólasamfélag

Þá hefur september runnið sitt skeið og skólastarfið að sjálfsögðu komið á fullan snúning. Í október ber það helst til tíðinda að það er dálítið um frí hjá nemendum (sjá dagatal á baksíðu) en svo verður líka viðtalsdagur og opin vika þar sem við vonumst til að sjá sem flesta foreldra í heimsókn hjá okkur. Þegar líður á mánuðinn vonumst við svo til að við getum tekið í notkun nýjan aðalinnangang í skólann og þá fer nú loksins að horfa dálítið betur með bílastæðamálum hjá okkur, en þá verður líka framkvæmdum við skólahúsnæðið hætt í bili. Við minnum á að á heimasíðu skólans má nálgast starfsáætlanir kennsluteyma, eins og kynnt var á morgunfundunum á dögunum, en á vefsíðunni er einnig að finna starfsáætlun skólans í heild þar sem má fræðast um stefnu, starfshætti, helstu áherslur þetta vetrarins o.fl. Þessar upplýsingar er að finna undir hlekknum skólinn / skólanámsskrá. Með bestu kveðjum úr skólanum og von um öflugt starf og fjölda heimsókna hjá okkur í október.


Ágúst Jakobsson, skólastjóri

Um símanotkun nemenda

Alltaf öðru hvoru spretta upp umræður um símanotkun ungmenna og því miður er það svo að börn (og væntanlega einhverjir fullorðnir líka) eiga það til að misnota þessi annars ágætu tæki. Það er því afar mikilvægt að við séum dugleg að ræða við krakkana um notkun tækninnar, og hvað sé við hæfi og hvað ekki. Þar á meðal er t.d. að þau þurfa að gera sér grein fyrir því að hvers kyns myndatökur og hljóðupptökur sem beinast að öðru fólki, eru ekki í lagi nema að viðkomandi séu upplýstir og fengist hafi samþykki. Svo þurfa þau líka að muna að það sem einu sinni er komið í birtingu á netinu verður ekki tekið til baka. Hér í Naustaskóla tókum við strax þá stefnu að hafa mjög einfaldar reglur varðandi síma og annan tækjabúnað. Þær eru þannig að krökkunum er treyst til að hafa þessi tæki, en þau þurfa að umgangast þau af ábyrgð. Ef að þau standa ekki undir þeirri ábyrgð og misnota tækin eða að þau trufla nám eða kennslu, þá tókum við þau og afhendum aftur í lok dags. Ef um ítrekaða misnotkun er að ræða fer tækið til stjórnenda og foreldrar þurfa að sækja það þangað...



Hvernig koma nemendur í skólann?



Greiðsluseðlar um mánaðamótin sept-okt

Nú um mánaðamótin eru innheimt gjöld nokkuð hærri en í meðalmánuði. Skýringin á þessu er sú að til að samræma okkur sama tímaplani og aðrir skólar bæjarins hafa í uppgjöri, þurfum við nú að rukka meira en einn mánuð í fæði og frístund, þ.e.a.s. tímabilið 20. september til 31. október. Auk þess er svo um þessi mánaðamót innheimt gjald fyrir ávaxta- og mjólkuráskriftir haustannarinnar - en það gjald er bara innheimt einu sinni á önn. Þetta þýðir að fyrir nemanda í fullu fæði er nú innheimt gjald fyrir samtals 28 máltíðir eða 10.338 krónur plús ávaxtaáskrift að upphæð 6.042. Við minnum á að greiðsluseðla má nálgast á vefnum <http://eg.akureyri.is>



Naustaskóli við Hólmatún, 600 Akureyri

www.naustaskoli.is - naustaskoli@akureyri.is - Sími 460-4100 - Frístund sími 460-4111

Október 2013

Sun	Mán	Þri	Mið	Fim	Fös	Lau
	30 Soðinn fiskur, kartöflur og smjör Smiðjuskil hjá 2.-3.b	1 Hakkabuff, kartöflur, grænmeti og sósa Opnið hús 5-7b Opnið hús 8-10b	2 Ofnbakaður tómát- fiskur, hrísgrjón og salat Ball fyrir 1.-4. bekk kl. 17:00-19:00	3 Starfsdagur Frístund opin (Steiktur kjúklingur, kartöflur og pipar- ostasúsa)	4 Starfsdagur - Frístund lokað!	5
6	7 Viðtalsdagur Frístund opin (Steiktur fiskur, kartöflur, salat og köld súrmjólkursósa)	8 Kjötballur í brúnni sósu og kartöflur OPIN VÍKA Opnið hús 8-10b	9 Fiskur Björkeby, hrísgrjón og paprika Forvarndagurinn í 9. bekk	10 Lambapottrettur, kartöflur og salat	11 Skinkupasta og salat	12
13	14 Spaghettífiskur, salat og sósa Smiðjuskil hjá 4.-7.b.	15 Slátur, kartöflur, rófur og jafningur Opnið hús 8-10b	16 Soðinn fiskur, kartöflur, grænmeti og lauksmjör	17 Grænmetislasagna, hrísgrjón og salat	18 Hrísgrjónagrautur og slátur Bleikur dagur	19
20	21 Kjötþúðingur, kartöflur, brún sósa og salat	22 Ofnbökuð bleikja, steiktur kartöflur, gúrka og sósa Opnið hús 8-10b	23 Kjöt og karrý	24 Fiskipottrettur, kartöflur og salat	25 VETRARFRÍ (Grænmetisúpa og heimabakað brauð)	26
27	28 VETRARFRÍ (Fiskibollur, hrísgrjón, rifnar gulrætur og sósa)	29 Íslensk kjötsúpa Opnið hús 8-10b	30 Baunabuff, kartöflur, salat og marsala- dressing	31 Soðinn fiskur, kartöflur, rófur og tómatsúsa	1 Gúllas, kryddgrjón og paprika Hrekkjavökuball	2

Muna: Opnið vika 8.-11. október - foreldrar sérstaklega hvattir til að heimsækja skólann
Starfsdagur 3.-4. október, Frístund opin 3. okt. en lokað 4. október.

Viðtalsdagur mánudaginn 7. október, foreldrar og nemendur mæta til viðtals við umsj.kennara
Vetrarfrí dagana 25.-28. október, Frístund opin.